

Umhverfisstefna

Umhverfisstefna Kirkjugarða Reykjavíkur styður heildarstefnu fyrirtækisins. Megin tilgangur umhverfisstefnunnar er að vera vegvísir að umhverfissvænni Kirkjugörðum Reykjavíkur, leggja áherslu á umhverfissjónarmið og að þau séu höfð að leiðarljósi í daglegri starfsemi.

Kirkjugarðar Reykjavíkur leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Stofnunin á að vera leiðandi og til fyrirmyndar þegar kemur að umhverfismálum. Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkur og þjónusta við aðstandendur látinna hefur umtalsverð áhrif á umhverfið og mikilvægt er að þau áhrif verði sem jákvæðust. Kirkjugarðar Reykjavíkur leggja ríka áherslu á að stuðla að góðri umhverfisvitund starfsfólks og hefur sjálfbæra þróun, samfélagslega ábyrgð og umhverfisvernd að leiðarljósi í starfsemi og ákvarðanatöku. Þannig leggjum við okkar lóð á vogarskálarnar í átt að betra samfélagi og heilbrigðu umhverfi.

Markmið

- Við berum virðingu og umhyggju fyrir umhverfinu og vinnum markvisst að því að starfsemi okkar og þjónusta við almenning verði umhverfivænni
- Að fagmennska sé lögð til grundvallar í ákvarðanatöku sem snýr að umhverfismálum og notast sé við þá þekkingu sem gagnreynd hefur verið héraðs og erlendis
- Að allar úrbætur í rekstri og þjónustu taki mið af því að minnka umhverfisáhrif
- Að vera fyrirmynd annarra kirkjugarða og tengdra stofnana þegar kemur að umhverfismálum
- Að minnka sorp og orkunotkun í starfsemi okkar
- Að umhverfisstefna okkar sé í stöðugri þróun og sýnileg bæði starfsfólki og utanaðkomandi

Leiðir að markmiðum

- Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna, úrgangs og orkunotkunar
- Eflum fjarfundarmenningu
- Drögum úr úrgangsmýndun og aukum endurvinnslu
- Kynnum okkur umhverfisvænar leiðir og nýjungar við að kveðja ástvini
- Hugum að orkusparnaði
- Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál
- Hvetjum til aukinnar umhverfisvitundar í samfélaginu
- Stundum umhverfisvæn innkaup og skiptum við umhverfissvottuð fyrirtæki þegar hægt er
- Kynnum okkur tæknilegar lausnir sem auðvelda umhverfisstarf og erum á tánum gangvart nýjungum í umhverfismálum
- Hvetjum starfsfólk til notkunar umhverfisvænna samgöngumáta
- Höfum sérstaka gát á hættulegum efnem sem stofnunin notar og hættum alfarið notkun á eitrefnum í garðyrkju

Umhverfisstefna Kirkjugarða Reykjavíkur er lifandi skjal sem tekur mið af aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum og heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna. Stefnan skal endurskoðuð árlega.